



Lúxemborg, 1. júlí 2005

Fréttatilkynning 03/2005

Dómur í máli E-10/04 *Paolo Piazza gegn Paul Schurte AG*

Trygging fyrir kostnaði við málarekstur fyrir innlendum dómstólum

EFTA-dómstóllinn kvað í dag upp dóm í máli, þar sem fjallað var um það, hvort innlend lagaákvæði, sem takmarka tryggingar fyrir kostnaði við málarekstur fyrir innlendum dómstólum við tilteknar tryggingar af innlendum toga, brjóti í bága við ákvæði EES samningsins um frjálsa fjármagnsflutninga.

Spurningin kom fram í vinnuréttarmáli, sem ítalskur ríkisborgari með búsetu í Sviss höfðaði fyrir dómstóli í furstadæminu Liechtenstein (Fürstliches landgericht) og krafðist skaðabóta af fyrrverandi vinnuveitanda sínum, hlutafélagi í Liechtenstein. Dómstóllinn í Liechtenstein ákvað, að stefnandi skyldi leggja fram tryggingar fyrir kostnaði stefnda af málarekstrinum. Taldi dómstóllinn nauðsynlegt að fá álit EFTA-dómstólsins á því, hvort það væri í samræmi við EES-samninginn að heimila eingöngu tryggingar af innlendum toga.

Í úrlausn EFTA-dómstólsins kemur fram, að innlend ákvæði, sem gera greinarmun á tryggingum eingöngu á grundvelli þess, hvort þær eru upprunnar í Liechtenstein eða ekki, hindri óhjákvæmilega fjármagnsflutninga á Evrópska efnahagssvæðinu, þar sem þær komi í veg fyrir, að stefnandi í málarekstri fyrir dómstóli í Liechtenstein geti lagt fram tryggingar, sem eru upprunnar í öðru EES-landi en í Liechtenstein.

EFTA-dómstóllinn álitur, að slíkar hindranir megi hugsanlega réttlæta í þeim lögmæta tilgangi að tryggja skilvirgni dómskerfisins, svo innheimta kostnaðar við málarekstur geti gengið greiðlega fyrir sig. Dómstóllinn bendir hins vegar á, að þótt innheimta erlendra trygginga geti verið ýmsum vandkvæðum bundin og falið í sér kostnað, sem ekki er fyrir hendi, ef um innlendar tryggingar er að ræða, þá sé það ekki alltaf tilfellið. Í dómi EFTA-dómstólsins segir, að afdráttarlaus útilokun trygginga, sem upprunnar eru í öðrum EES-löndum, brjóti í bága við 40. gr. EES-samningsins um frjálsa fjármagnsflutninga, þar sem hún uppfylli ekki skilyrði meðalhófsreglunnar um að beita ákvæðum, sem fela í sér lágmarkshindrun.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA dómstólsins: www.eftacourt.lu.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.